**ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR**

**frá 16. september 1998**

**um sameiginlega tækniforskrift fyrir almennar tengikröfur vegna talsímaþjónustu með almennum Evrópufarsíma, II. áfangi (2. útgáfa) (*)**

*(tilkynnt með númeri C(1998) 2720)*

(98/574/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/13/EB frá 12. febrúar 1998 um endabúnað til fjarskipta og búnað fyrir gervihnattajarðstöðvar og gagnkvæma viðurkenningu á samræmi þeirra ([1]), einkum öðrum undirlið 2. mgr. 7. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ákvæði um það fyrir hvaða gerð endabúnaðar til fjarskipta sé krafist sameiginlegra tækniforskrifta, svo og tilheyrandi yfirlýsingu um gildissvið samkvæmt fyrsta undirlið 2. mgr. 7. gr.

Samþykkja ber samsvarandi samhæfða staðla, eða hluta þeirra, til framkvæmdar grunnkröfunum sem breyta á í sameiginlegar tækniforskriftir.

Til að tryggja órofinn aðgang að mörkuðum fyrir framleiðendur er nauðsynlegt að setja bráðabirgðaákvæði um búnað sem er viðurkenndur samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/630/EB ([2]).

Ákvörðun 96/630/EB falli úr gildi frá og með lokum aðlögunartímabilsins.

Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 97/526/EB ([3]) falli úr gildi frá og með 24. október 1998.

Tillagan hefur verið lögð fyrir samþykkisnefnd endabúnaðar (ACTE), samkvæmt 2. mgr. 29. gr.

Sameiginlega tækniforskriftin, sem samþykkt er í þessari ákvörðun, er í samræmi við álit samþykkisnefndar endabúnaðar (ACTE).

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

*1. gr.*

1. Þessi ákvörðun gildir um endabúnað sem er ætlaður til tengingar við almennt fjarskiptanet og fellur undir gildissvið samhæfða staðalsins sem um getur í 1. mgr. 2. gr.

2. Með þessari ákvörðun er mælt fyrir um sameiginlega tækniforskrift um aðgangskröfur endabúnaðar fyrir almenna Evrópufarsímanetið sem hefur stöðuga kúrfumótun og starfar á 900 MHz tíðnisviðinu með 200 kHz milli rása og umferðarrásir samkvæmt TDMA reglunni.

(*) Þessi EB-gerð, sem birtist í Stjtíð. EB L 278, 15.10.1998, bls. 30, var nefnd í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 112/1999 frá 24. september 1999 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá þessa útgáfu af EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna.

([1]) Stjtíð. EB L 74, 12. 3. 1998, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 282, 1. 11. 1996, bls. 79.

([3]) Stjtíð. EB L 215, 7. 8. 1997, bls. 54.

*2. gr.*

1. Sameiginlega tækniforskriftin tekur til samhæfða staðalsins sem hlutaðeigandi staðlastofnun hefur samið til framkvæmdar grunnkröfunum sem um getur í c- til f-lið 5. gr. tilskipunar 98/13/EB, að því marki sem við á. Tilvísun í staðalinn er að finna í I. viðauka. Viðeigandi hlutar hans eru í II. viðauka.

2. Endabúnaður, sem fellur undir þessa ákvörðun, skal vera í samræmi við sameiginlegu tækniforskriftina sem um getur í 1. mgr., uppfylla grunnkröfurnar sem um getur í a- og b-lið 5. gr. tilskipunar 98/13/EB og uppfylla kröfur allra annarra gildandi tilskipana, einkum tilskipana ráðsins 73/23/EBE ([4]) og 89/336/EBE ([5]).

*3. gr.*

Tilkynntir aðilar, sem eru tilnefndir til að koma í framkvæmd málsmeðferðinni sem um getur í 10. gr. tilskipunar 98/13/EB, skulu, að því er varðar endabúnað sem 1. mgr. 1. gr. þessarar ákvörðunar tekur til, beita eða tryggja beitingu á viðeigandi hlutum samhæfða staðalsins, sem um getur í 1. mgr. 2. gr., eftir að ákvörðun þessi öðlast gildi.

*4. gr.*

1. Ákvörðun 96/630/EB falli úr gildi frá og með þremur mánuðum eftir að ákvörðun þessi öðlast gildi.

2. Halda má áfram að setja á markað og taka í notkun endabúnað sem viðurkenndur hefur verið samkvæmt ákvörðun 96/630/EB að því tilskildu að slík viðurkenning sé veitt eigi síðar en þremur mánuðum eftir að ákvörðun þessi öðlast gildi.

3. Ákvörðun 97/526/EB falli úr gildi frá og með 24. október 1998.

*5. gr.*

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 16. september 1998.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Martin BANGEMANN

*framkvæmdastjóri.*

---

([4]) Stjtíð. EB L 77, 26. 3. 1973, bls. 29.
([5]) Stjtíð. EB L 139, 23. 5. 1989, bls. 19.

*I. VIÐAUKI*

**Tilvísun í gildandi samhæfðan staðal**

Samhæfði staðallinn, sem vísað er til í 2. gr. ákvörðunarinnar, er:

European digital cellular telecommunications system (Phase 2)

Attachment requirements for global system for mobile communications (GSM) mobile stations

Access

(Stafrænt hólfskipt fjarskiptakerfi í Evrópu (II. áfangi);

Tengikröfur vegna GSM-farsíma;

Aðgangur)

ETSI
Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu
Aðalskrifstofa ETSI
TBR 19, 5. útgáfa — mars 1998
(að undanskildum formála)

**Viðbótarupplýsingar**

Fjarskiptastaðlastofnun Evrópu er viðurkennd samkvæmt tilskipun ráðsins 83/189/EBE ([1]).

Samhæfði staðallinn, sem vísað er til hér að framan, er saminn samkvæmt umboði sem gefið er út í samræmi við viðeigandi málsmeðferðarreglur tilskipunar 83/189/EBE.

Unnt er að fá orðréttan texta framangreinds samhæfðs staðals með því að snúa sér til:

Fjarskiptastaðlastofnunar Evrópu,
650, route des Lucioles,
F–06921 Sophia Antipolis Cedex

Framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna,
DG XIII/A/2 — (BU 31, 1/7)
Rue de la Loi/Wetstraat 200
B–1049 Bruxelles/Brussel

eða einhverrar annarrar stofnunar sem annast afhendingu ETSI-staðlas en skrá yfir þær stofnanir má finna á Netinu á slóðinni www.ispo.cec.be.

---

([1]) Stjtíð. EB L 109, 26. 4. 1983, bls. 8.

*II. VIÐAUKI*

**Viðeigandi hlutar TBR 19 (5. útgáfa)**

**TBR 19 Kröfur**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 11.1.1 | 11.1.2 | 11.2 | 11.3 | 11.4 | 11.5 |
| 12.1.1 | 12.1.2 | 12.2.1 | 12.2.2 | 13.1 | 13.2 |
| 13.3-1 | 13.4 | 14.1.1.2 | 14.1.2.2 | 14.2.1 | 14.2.2 |
| 14.2.3 | 14.2.4 | 14.3 | 14.4.1 | 14.4.2 | 14.4.4 |
| 14.4.5 | 14.5.1 | 14.5.2 | 14.6.1 | 14.6.2 | 14.7.1 |
| 14.8.1 | 14.8.2 | 15 | 16 | 17.1 | 17.2 |
| 18 | 19.1 | 19.2 | 19.3 | 20.1 | 20.2 |
| 20.3 | 20.4 | 20.5 | 20.6 | 20.7 | 20.8 |
| 20.9 | 20.10 | 20.11 | 20.12 | 20.13 | 20.15 |
| 20.16 | 20.17 | 20.19 | 21.1 | 21.2 | 21.3.1 |
| 21.3.2 | 21.4 | 22 | 25.2.1.1.1 | 25.2.1.1.2.1 | 25.2.1.1.2.2 |
| 25.2.1.1.2.3 | 25.2.1.1.3 | 25.2.1.1.4 | 25.2.1.2.1 | 25.2.1.2.2 | 25.2.1.2.3 |
| 25.2.1.2.4 | 25.2.2.1 | 25.2.2.2 | 25.2.2.3 | 25.2.3 | 25.2.4.3 |
| 25.2.5.1 | 25.2.5.2 | 25.2.6.1 | 25.2.6.2 | 25.2.7 | 26.2.1.1 |
| 26.2.1.2 | 26.2.1.3 | 26.2.2 | 26.2.3 | 26.2.4 pr1 | 26.2.4 pr2 |
| 26.2.4 pr3 | 26.2.4 pr4 | 26.2.4 pr5 | 26.2.4 pr6 | 26.2.4 pr7 | 26.2.4 pr8 |
| 26.5.1 | 26.5.2.1.1 | 26.5.2.1.2 | 26.5.2.2 | 26.5.2.3 | 26.5.3.1 |
| 26.5.3.2 | 26.5.3.3 | 26.5.3.4 | 26.5.4.1 | 26.5.5.1.1.1 | 26.5.5.1.1.2 |
| 26.5.5.1.2 | 26.5.5.2.1 | 26.5.5.2.3 | 26.5.5.3.1.1 | 26.5.5.3.2 | 26.5.6.1.1 |
| 26.5.6.1.2 | 26.5.6.2.1 | 26.5.6.2.4 | 26.5.6.3 | 26.5.7.1.1 | 26.5.7.1.3 |
| 26.5.7.1.4 | 26.5.7.2 | 26.5.7.3 | 26.6.1.1 | 26.6.1.2 | 26.6.1.3 |
| 26.6.1.4 | 26.6.2.1.1 | 26.6.2.1.2 | 26.6.2.1.3 | 26.6.2.2 | 26.6.2.3.1 |
| 26.6.2.3.2 | 26.6.2.4 | 26.6.2.5 | 26.6.3.1 | 26.6.3.2 | 26.6.3.3 |
| 26.6.3.4 | 26.6.3.6 | 26.6.4.1 | 26.6.4.2.2 | 26.6.5.1-1 | 26.6.5.1-2 |
| 26.6.5.1-3 | 26.6.5.1-4 | 26.6.5.1-5 | 26.6.5.1-6 | 26.6.5.1-7 | 26.6.5.1-8 |
| 26.6.5.2-1 | 26.6.5.2-2 | 26.6.5.2-3 | 26.6.5.2-4 | 26.6.5.2-5 | 26.6.5.2-6 |
| 26.6.5.2-7 | 26.6.5.2-8 | 26.6.5.2-9 | 26.6.5.2-10 | 26.6.5.3-1 | 26.6.5.3-2 |
| 26.6.5.4-1 | 26.6.5.4-2 | 26.6.5.4-3 | 26.6.5.4-4 | 26.6.5.5.1 | 26.6.5.5.2 |
| 26.6.5.6 | 26.6.5.7 | 26.6.5.8 | 26.6.5.9 | 26.6.6.1 | 26.6.7.1 |
| 26.6.8.4 | 26.6.8.5 | 26.6.12.1 | 26.6.12.2 | 26.6.12.3 | 26.6.12.4 |
| 26.6.13.3 | 26.6.13.5 | 26.6.13.6 | 26.6.13.8 | 26.6.13.9 | 26.6.13.10 |
| 26.7.1 | 26.7.2.1 | 26.7.2.2 | 26.7.3.1 | 26.7.3.2 | 26.7.4.1 |
| 26.7.4.2.1 | 26.7.4.2.2-1 | 26.7.4.2.2-2 | 26.7.4.2.3 | 26.7.4.2.4 pr1 | 26.7.4.3.1 |
| 26.7.4.3.2 | 26.7.4.3.3 | 26.7.4.3.4 | 26.7.4.5.1 | 26.7.4.5.2 | 26.7.4.6 |
| 26.7.5.3 | 26.7.5.5 | 26.7.5.7.1 | 26.8.1.2.2.1 | 26.8.1.2.2.2 | 26.8.1.2.3.2 |
| 26.8.1.2.3.5 | 26.8.1.2.3.6 | 26.8.1.2.4.2 | 26.8.1.2.4.3 | 26.8.1.2.4.4 | 26.8.1.2.4.5 |
| 26.8.1.2.4.6 | 26.8.1.2.4.7 | 26.8.1.2.4.8 | 26.8.1.2.4.13 | 26.8.1.2.5.2 | 26.8.1.2.5.3 |
| 26.8.1.2.6.2 | 26.8.1.2.6.3 | 26.8.1.2.6.5 | 26.8.1.2.6.6 | 26.8.1.2.7.1 | 26.8.1.2.7.3 |
| 26.8.1.2.8.1 | 26.8.1.2.9.1 | 26.8.1.2.9.2 | 26.8.1.2.9.4 | 26.8.1.3.1.1 | 26.8.1.3.3.1 |

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 26.8.1.3.3.3 | 26.8.1.3.3.4 | 26.8.1.3.4.2 | 26.8.1.3.4.3 | 26.8.1.3.4.8 | 26.8.1.3.5.2 |
| 26.8.1.3.5.3 | 26.8.1.3.5.4 | 26.8.1.3.5.5 | 26.8.1.4.2.1 | 26.8.1.4.3.1 | 26.8.1.4.3.2 |
| 26.8.1.4.5.1 | 26.8.2.1 | 26.8.2.2 | 26.8.2.3 | 26.8.3 | 26.9.2 |
| 26.9.3 | 26.9.4 | 26.9.5 | 26.9.6.1.1 | 26.9.6.1.2 | 26.9.6.2.1 |
| 26.9.6.2.2 | 26.10.2.1 | 26.10.2.4.1 | 26.10.2.4.2 | 26.12.1 | 26.12.2.1 |
| 26.10.2.2 | 26.10.2.3 | 26.10.2.5 | 26.10.3.1 | 26.12.2.2 | 26.12.3 |
| 26.12.4 | 26.12.5 | 27.3 | 27.4 | 27.5 | 27.6 |
| 27.7 | 27.10 | 27.11.1.1 | 27.11.1.2 | 27.11.1.3 | 27.11.1.4 |
| 27.11.1.5 | 27.11.2.1 | 27.11.2.2 | 27.11.2.3 | 27.11.2.4 | 27.11.3 |
| 27.12.1 | 27.12.2 | 27.14.3 | 27.14.4 | 27.17.1.1 | 27.17.1.2 |
| 27.17.1.3 | 27.17.1.4 | 27.17.1.5.1 | 27.17.1.5.2 | 27.17.1.5.3 | 27.17.1.5.4 |
| 27.17.2.1.1 | 27.17.2.1.2 | 27.17.2.2 | 27.17.2.3 | 27.17.2.5 | 27.18.1 |
| 27.18.2 | 27.19 | 27.20. | 27.21.1 | 27.21.3 | 27.21.4 |
| 29.3.2.6.7 | 29.3.2.6.9 | 29.3.3.2 | 29.3.3.3 | 29.3.3.5 | 31.6.1.1 |
| 31.6.1.2 | 31.6.1.5 | 31.6.1.6 | 31.6.1.7 | 31.6.1.8 | 31.6.2.1 |
| 31.6.2.2 | 31.6.2.3 | 31.6.2.4 | 31.6.2.5 | 31.8.1.1 | 31.8.3.1 |
| 31.10 | 32.11 | 32.12 | 33.6 | 34.2.1 | 34.2.2 |
| 34.2.3 | 34.2.5.3 | 34.3 | | | |